

Fundur 1.apríl 2004

Endurrit fundargerðar skipulags-, bygginga-, og hafnarnefndar 1.apríl 2004.

Ár 2004 þann 1.apríl kom skipulags-, bygginga-, og hafnarnefnd saman til fundar kl: 10:05. Mættir allir nefndarmenn auk byggingafulltrúa og sveitarstjóra er reit fundargerð.

- 1)** Farið yfir fundargerð síðasta fundar.
- 2)** Bréf Reykhólahrepps og Þörungaverksmiðju til samgönguráðuneytis vegna brimvarnargarðs og svarbréf ráðuneytis. Sveitarstjóri greindi frá heimsókn sinni og framkvæmdastjóra Þörungaverksmiðju til samgönguráðherra 26. mars þar sem bréfið var afhent.
- 3)** Bætt aðkoma á Staðarbryggju og í Skáleyjum, erindi frá Álftalandi o.fl. Nefndin telur brýnt að ráðist verði í úrbætur á Staðarbryggju og bryggjuaðstöðu í Skáleyjum einkum með ferðamannþjónustu í huga. Nefndin mælir með að landgöngubrú í eigu Reykhólahrepps verði lánuð út í Skáleyjar ef henta þykir.
- 4)** Væntanleg heimsókn fulltrúa Orkubús Vestfjarða á Reykhóla 1.apríl 2004 til að ræða ýmis mál (tilkynning).
- 5)** Bréf frá Ríkiskaupum varðandi Seljanes lagt fram. Nefndin telur að ræði þurfi við ábúanda Seljaness um breytta stöðu í málinu.
- 6)** Erindi frá Birni Samúelssyni varðandi byggingu glerskála við Reykjabraut 5 á Reykhólum. Skila verður inn útlitsteikningum.

Fleira gerðist ekki.

Fundargerð lesin upp og samþykkt, fundi slitið kl. 11:40.

Þórður Jónsson (sign)  
Gústaf J. Ólafsson (sign)  
Sveinn Ragnarsson (sign)  
Bogi Kristinsson Magnussen (sign)  
Einar Örn Thorlacius (sign)